



Sumarnámskeið

Reykhólahrepps
og u.m.f. Aftureldingar

3. júní 2024-
27. júní 2024

Fyrir börn fædd
2012-2018

www.reykholar.is

Dagskrá námskeiða:



3.-6. júní: Reiðnámskeið, bókasmiðja, bogfimi, boltaíþróttir og könnunarklúbbur.

10.-13. júní: Reiðnámskeið, náttúran, íþróttagrunnur og bogfimi.

18.-20. júní: Leiklistarnámskeið.

24.-27. júní: Samfélagið, frjálssar íþróttir og boltaíþróttir.

Mæting er alla morgna í íþróttahúsið.



Sumarnámskeið sumarið 2024



Sumarnámskeið Reykhólahrepps eru fyrir börn sem eru fædd frá 2012-2018.

Í júní verða sumarnámskeið alla daga frá mánudögum-fimmtudaga frá klukkan 9:00-14:00.

Jafnframt verður hægt að kaupa gæslu fyrir börn sem eru að fara í 1.-4. bekk á milli klukkan 14:00-16:00 í samvinnu við leikskólann Hólabæ. Verðskrá fyrir gæslu tekur mið af gjaldskrá leikskóla sem má nálgast á heimasíðu sveitarfélagsins.

Verðskrá fyrir námskeið eru 2000 krónur dagurinn og innifalið í því eru léttar veitingar yfir daginn. Börnin hafa frjálstan aðgang að ávöxtum allan daginn ásamt kaffihressingu. Börnin koma með hádegisnesti sem er mikilvægt að sé í hollari kantinum.



Peir sem koma að námskeiðunum:



Jóhanna Ösp Einarsdóttir:

Jóhanna er tómstunda- og félagsmálafræðingur og sér um utanumhald og skipulagningu námskeiðanna. Áhugamál Jóhönnu eru að syngja og vera úti í góðu veðri. Henni finnst gaman að prófa eitthvað nýtt og fara út fyrir þægindarammann. Hún talar alltaf mjög mikið nema þegar hún er að horfa á Survivor.

Sjöfn Sæmundsdóttir:

Sjöfn er menntaður reiðkennari frá Hólaskóla og er í kennaranámi hjá Háskólanum á Akureyri. Sjöfn er hress og skemmtileg og hlær hátt og mikið. Hún mun sjá um reiðnámskeiðið á námskeiðunum.



Styrmir Sæmundsson:

Styrmir er formaður ungmennafélagsins Aftureldingar og þjálfari á námskeiðunum. Hann er varðstjóri í slökkviliðinu, bóndi og hestamaður. Honum finnst gaman að hlaupa upp á fjöll. Styrmir er mikill húmoristi og segir pabba-brandara á hverjum einasta degi. Styrmir sér um bogfimiæfingar.

Elísabet Ásdís Kristjánsdóttir:

Elísabet vinnur í Reykhólaskóla og í félagsmiðstöðinni. Hún á heima á sveitabæ með kindur, naut, hunda og ketti. Henni finnst skemmtilegast að taka ljósmyndir, og búa til stuttmyndir. Hún er líka alltaf til í að hlusta á góðar sögur og fönndra.



Peir sem koma að námskeiðunum:



Kristine Jonusa:

Kristine er frá Lettlandi og vinnur við að gefa út barnabækur. Hún er líka náttúrufræðingur og hefur unnið við náttúruminjasafnið í Riga þar sem hún var með vettfangsferðir fyrir börn. Hún verður gestakennari á námskeiðinu með bókasmíðjuna.

Rakel Ýr Stefánsdóttir:

Rakel Ýr Stefánsdóttir er leikkona og leikstjóri. Áhugamál hennar er að vinna með skapandi fólki, hestamennska og önnur útivist. Rakel er almennt jákvæð og elskar óvæntar hugmyndir. Rakel sér um leiklistarnámskeiðið 18.-20. júní.



Marie-Susann Zeise:

Marie er einn af nýju íbúum Reykhólahrepps. Marie er vöruhönnuður, stundakennari í Reykhólaskóla og er leiðbeinandi á námskeiðunum. Henni finnst gaman að skoða náttúruna og fara í jeppaferðir um landið. Marie er mjög lífsglöð og hlær oft og mikið.

Kristófer Hans Abbey:

Kristófer er umsjónarmaður íþróttamannvirkja í Reykhólahreppi og fyrrum atvinnuíþróttamaður og þjálfari. Hann alltaf í stuði og hefur gaman af íþróttum á öllum stigum. Kristófer er jákvæð fyrirmynd. Kristófer sér um boltagrunn og íþróttagrunn.



Skráning og fyrirkomulag:

Foreldrar barna með lögheimili í Reykhólahreppi geta sótt um tómstundastyrk upp í námskeiðsgjald. Umsóknareyðublað má nálgast á vef sveitarfélagsins.

Skráning fyrir sumarnámskeið berist til tómstundafulltrúa á netfangið johanna@reykholar.is. Þar þarf að koma fram:

- Nafn og aldur barns
- Kennitala greiðanda
- Þær vikur sem barn mun taka þátt
- Skráning í gæslu eftir námskeið (ef óskað er eftir því)
- Símanúmer foreldra
- Foreldrar barna í dreifbýli geta óskað eftir að fá akstur fyrir börnin sín á námskeiðin. Athugið að börn með lögheimili í sveitarfélaginu hafa forgang að þessari þjónustu.

Fyrirkomulag ágúst námskeiðanna verður auglýst síðar í sumar en reiknað er með að það verði með svipuðu sniði.

Börn sem búa utan sveitarfélags eru velkomin á sumarnámskeið Reykhólahrepps, en hafa þarf í huga að börn sem þurfa aukinn stuðning inn í skólastarf þurfa líka aukinn stuðning á sumarnámskeið. Útfærslur stuðnings er unnið í samvinnu við foreldra/forráðamenn og lögheimilissveitarfélag.

Skráningarfrestur er til fimmtudagsins 30. maí.

Allar nánari upplýsingar veitir Jóhanna Ösp Einarsdóttir, tómstundafulltrúi á netfanginu johanna@reykholar.is og í síma 6982559.



Námskeiðin:

Reiðnámskeið: Farið verður í sætisæfingar og stutta reiðtúra. Þátttakendur læra að umgangast hesta og tekið er mið að því að mæta börnunum á þeirra stað í reiðmennsku. Gott að vera í strigaskóm og þægilegum fötum.

Leiklistarnámskeið: Farið verður í ýmsar leiklistaræfingar og leiki sem efla sjálfstraust og framkomu. Námskeiðið byggist á því að allir geti unnið saman í mismunandi hópavinnu með sköpunargleði að leiðarljósi. Gott að mæta í þægilegum fatnaði sem auðvelt er að hreyfa sig

Bókasmiðja: Þátttakendur grúska í bókum, kynnast hetjum bókmennta, leysa verkefni og fara í leiki tengda bókum ásamt því að teikna, skapa, líma og skemmta sér.

Könnunarklúbbur, náttúran og Samfélagið: Þessar þrjár smiðjur skarast og vinna saman hönd í hönd. Skoðað verður hvað náttúran í kringum okkur hefur uppá að bjóða, Farið verður í heimsóknir í stofnanir í samfélaginu. Skoðað hvað er um að vera og hvað má betur fara. Þátttakendur upplifa samfélagið sitt og nærumhverfi sitt í gegnum leik og heimsóknir og fá að koma með hugmyndir af draumasamfélaginu sínu.

Bogfimi: Farið í fjölbreyttar æfingar og bogfimi leiki. Þátttakendur byrja og enda námskeiðið á að taka bogfimi skor til að sjá árangurinn í æfingum sínum.

Boltaíþróttir: Grunnur í boltaíþróttum. Meðal annars fótbolti, körfubolti, handbolti, skotboltar, pönnu bolti og fleira.

Íþróttagrunnur: Frjálsar íþróttir, hlaup og leikir sem tengjast íþróttum.



Gott að hafa í huga:

- Börn í dreifbýli geta fengið akstur á námskeiðin, leikskólabörn geta nýtt þennan akstur líka, aksturinn tekur mið af námskeiðinu frá klukkan 9:00-14:00
- Við förum út í allskonar veðrum og gott að miða klæðnað við það.
- Gott er að vera með aukaföt í tösku, sérstaklega auka sokkapör.
- Léttur klæðnaður er mikilvægur fyrir íþróttæfingar.
- Gott að vera búinn að bera sólarvörn á börnin áður en þau koma.
- Derhúfur geta komið að góðum notum í sólinni til að hlífa augunum.
- Þá er gott ráð að fylgja hópnum Tómsunda- og íþróttastarf í Reykhólahreppi á facebook, nánari upplýsingar koma inn þar.
- Vinsamlegast látið Jóhönnu vita ef barn sem er skráð forfallast (s. 6982559).

